

**M-6/2011. Álit 4. ágúst 2011.**

## **Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 4. ágúst 2011 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-6/2011.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 6. janúar sl. bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreið sem hann kveður gallaða. Bifreiðina keypti álitsbeiðandi hjá Y, hinn 31. júlí 2008. Álitsbeiðandi gerir kröfu um að skipt verði um afturdrif í bifreiðinni sér að kostnaðarlausu.

### **II**

#### **Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. þann 7. janúar sl., var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var frestur til að skila þeim veittur til 18. janúar. Andsvör seljanda bárust kærunefndinni 19. janúar. Hinn 20. janúar var álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og bent á heimild til að gera athugasemdir vegna andvaranna. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og skilaði athugasemdum sem bárust kærunefndinni þann 21. janúar 2011.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi keypti sér bifreiðina xx-000, af gerðinni Land Rover Freelander, hinn 31. júlí 2008. Þá var bifreiðin rúmlega árgömul og ekin 16.742 km, en hún kom fyrst á götuna hinn 21. maí 2007.

Álitsbeiðandi fór með bifreiðina á verkstæði til umboðsaðila Y í október 2010. Bifreiðin var þá ekin rúmlega 60 þúsund kílómetra og var ætlunin að láta skipta um bremsuklossa í bifreiðinni. Álitsbeiðandi segir að sér hafi verið tjáð af verkstæðisstjóranum að afturdrif bifreiðarinnar væri gallað og færi að gefa sig. Viðgerð væri ómöguleg og nauðsynlegt væri að setja nýtt afturdrif sem myndi kosta um 400 þúsund krónur auk vinnu. Álitsbeiðandi kveður Y hafi boðist til að koma á móts við sig með með 95 þúsund króna afslætti, gegn því að varahlutur og þjónsta yrði keypt hjá þeim. Þeir hafi hins vegar tekið fram að engin skuldbinding fælist í tilboðinu, heldur væri einungis um góðvild framleiðanda að ræða. Álitsbeiðandi segir að í samtali sínu við yfirmann ábyrgða hjá Y hafi verið ítrekað að ekki yrði um frekari þátttöku seljanda að ræða þar sem ábyrgðin hafi runnið út 21. maí 2010.

Álitsbeiðandi segir í álitsbeiðni að hér sé um ökutæki að ræða sem sé aðeins þriggja ára gamalt, ekið um 60 þúsund km. Bifreiðin hafi farið í reglulegt viðhald og hafi reynst sér mjög vel hingað til. Álitsbeiðandi heldur því fram að verkstæðisstjórnin í Njarðvík hafi tjáð sér að svona drif væru að fara í jafnvel enn yngri Freelander jeppum og að um augljósan galla væri að ræða. Hann hafi jafnframt sagt að ekki dygði að gera við drifið þar sem það væri skemmt, setja þyrfti nýtt drif í bílinn. Álitsbeiðandi kveðst hafa leitað ráða hjá C, vélfræðingi, sem hafi ráðlagt sér að tala við D hjá E. Hann hafi staðfest að afturdrifið væri athugavert. C taldi að um galla væri að ræða, skemmt afturdrif í nýlegri bifreið, sem ekki væri ekin meira en raun ber vitni, væri óeðlilegt. Þá hafi hann einnig nefnt að drif teldist vart til slithluta og nyti því meira en þriggja ára ábyrgðar.

Af framangreindum rökum telur álitsbeiðandi að bifreiðin sé augljóslega gölluð og að ábyrgð gallans liggi hjá seljanda, B. Álitsbeiðandi fer því fram á að skipt verði um afturdrif sér að kostnaðarlausu.

## IV

### Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að um sé að ræða bifreið af gerðinni Land Rover Freelander. Bifreiðin hafi komið á götuna 21. maí 2007 og ábyrgðartími framleiðanda lokið þremur árum síðar, eða 21. maí 2010. Seljandi segir að þar með sé bifreiðin utan ábyrgðartíma síns. Aftur á móti segir seljandi að framleiðandinn taki stundum þátt í kostnaði í viðgerð bifreiða sem nýlega hafa fallið úr ábyrgð. Það sé raunin í þessu máli og tilboðið hljóði upp á 25% af efni og vinnulið við afturdrif.

Í andmælabréfi seljanda segir svo eftirfarandi:

„Samkvæmt álitsbeiðninni byggir umráðamaður bílsins kröfu sína á því að um galla sé að ræða. Ekki verður af gögnum málsins séð að fyrir liggi endanleg bilanagreining þar sem drifið hefur ekki verið skoðað nánar, þ.e. opnað og greint hvað er bilað. Í gögnum frá álitsbeiðanda hefur hann eftir starfsmanni umboðsaðila Y í Keflavík, F, að afturdrifið sé gallað og sé að fara í fleiri bílum af þessari gerð. Þetta var borið undir F og hann beðinn um að staðfesta það sem eftir honum var haft. Svar F var á þessa leið: „Já að öðru leyti sagði ég ekki að um viðurkennda galla væri að ræða. Það hafi hins vegar verið skipt um drif í einhverjum bílaleigubílum sem gætu verið vatnsskemmdir en ekkert fullrytt í því sambandi“.

Umhirða, umgengni, aksturslag, notkun eða notkunarleysi hefur mjög mikil áhrif á endingu bifreiða og íhluti þeirra. Utanaðkomandi þættir geta haft afgerandi áhrif á endingartíma þeirra sem kemur framleiðslugalla ekkert við. Samkvæmt lögum um neytendakaup hefur neytandi 2ja ára kvörtunarfrest, ef ábyrgðarskilmálar framleiðanda kveða ekki á um lengri tíma, nema ef söluhlut eða hlutum hans sé ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti, þá er fresturinn 5 ár. Y hafnar því alfarið að bifreiðum eða íhlutum hennar sé ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti.“

Í samantekt í lok andsvara sinna segir seljandi að ofangreind bilun falli ekki undir ábyrgð framleiðanda, en ítrekar áðurmennt tilboð um þátttöku í viðgerðarkostnaði. Þá hafnar seljandi alfarið að um afturdrifið gildi fimm ára kvörtunarregla, sbr. 2. mgr. 27. gr. þjónustukaupalaga nr. 48/2003.

## V

### Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Álitsbeiðandi segir í athugasemdum sínum að F hafi sagst vita um fleiri tilvik þar sem afturdrif færu og því væri hér um að ræða augljósan galla. Hann hafi sagt að ekki væri hægt að gera við drifið, það eina sem dygði væri að skipta um það.

Álitsbeiðandi segir að eftir samtal sitt annars vegar við F á verkstæðinu og hins vegar við ábyrgðarstjóra seljanda, hafi hann engar frekari ráðleggingar fengið um frekari skoðun á bifreiðinni. Einungis hafi verið ítrekað að skipta þyrfti um drifið. Álitsbeiðandi kveðst áður hafa leitað til E, verkstæðis í Keflavík, að ráðleggingu C vélfræðings. Þeir hefðu sagt honum að fara til F á umboðsverkstæði Y og láta tappa olíunni af drifinu, svo hægt væri að skoða hana. F aftók það hins vegar með öllu og sagði slíka skoðun vera tilgangslausa, enda væri drifið þegar skemmt og skipta þyrfti um það. Verkstæðismenn hjá E sögðust í kjölfarið vera tilbúnir að skoða drifið en álitsbeiðandi kveðst enn ekki farinn í þá aðgerð vegna kostnaðar sem því fylgir, auk þess sem hann telur að seljandi eigi að bæta sér skaðann að fullu. Meðal annars af þessum ástæðum kemur það álitsbeiðanda mjög á óvart að seljandi beri fyrir sig að ekki liggi fyrir nein endanleg bilanagreining. Álitsbeiðandi segir að honum hafi ítrekað verið tjáð að skipta þyrfti um drifið, það væri skemmt. Það hafi bæði komið fram í samtali við F á umboðsverkstæði seljanda og í samtali við G hjá seljanda.

Álitsbeiðandi segir að honum hafi verið sagt að hann gæti ekið bifreiðinni, en drifið færi á endanum. Hann segir það koma úr hörðustu átt að seljandi fullyrði nú að alls engin bilanagreining liggi fyrir þegar F hafi tjáð sér að engin viðgerð sé möguleg og að drifið sé

skemmt. Álitsbeiðandi kveðst aldrei hafa notað bifreiðina í slíku ástandi hefði hann vitað að viðgerð væri ef til vill möguleg. Hann hafi leitað til umboðsaðila seljanda, fagaðila, sem fullyrtu að drifið væri skemmt og að viðgerð væri ómöguleg.

## VI

### Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 1. gr. laganna.

Við afgreiðslu málsins hefur kæruneftndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006. Það var álit umrædds sérfræðings að nauðsynlegt væri að greina nákvæmlega hvers eðlis bilunin í drifinu á bifreiðinni er, áður en hægt væri að komast að niðurstöðu í málinu, enda sé ljóst að nokkur atriði geti leitt til bilunar í drifi.

Það er álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa að eins og málið liggur fyrir séu að svo stöddu ekki forsendur fyrir efnislegri álitsgerð í málinu. Til að hægt sé að gefa rökstutt álit á því hvort að galli sé fyrir hendi eða ekki, verður nákvæmari bilanagreining að liggja fyrir. Einnig er þörf á nákvæmari greiningu svo að hægt sé að meta hvort um hugsanlegan galla gildi tveggja eða fimm ára kvörtunarfrestur, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga um neytendakaup nr. 48/2003.

Því verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá nefndinni á grundvelli 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa, þar sem málið telst ekki nægilega upplýst til að vera tækt til álitsgjafar.

Ef að álitsbeiðandi kys að láta fara fram frekari bilanagreiningu og enn verður ágreiningur á milli aðila að henni lokinni er álitsbeiðanda bent á þann möguleika að leita álits nefndarinnar að nýju.

## VII

### Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Ólafur Reynir Guðmundsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir